

20. samráðsfundur aðgerðarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, 07. október 2020

Pátttakendur

Ásgeri Eiríksson, bæjarstjóri, Daníel Arason forstöðumaður stjórnsýslu, Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður eigna. Gestur er Héðinn Ólafsson forstöðumaður íþróttamannvirkja

Staðan almennt

Engin staðfest smit eru í Sveitarfélaginu Vogum, enginn í einangrun en sjö í sóttkví. 22 staðfest smit eru á Suðurnesjum, 22 í einangrun og 183 í sóttkví

Sviðin hvert fyrir sig:

Skólinn:

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri skipta með sér viðveru í skóla þannig að annar vinnur heima eina vikuna meðan hinn vinnur í skólanum

Frístund

Frístund starfar með eðlilegum hætti

Leikskólinn

Leikskólinn starfar með eðlilegum hætti og fylgir sóttvarnarfyrirmælum almannavarna

Álfagerði

Matsalur Álfagerðis er lokaður öðrum en starfsfólki og íbúum. Áfram eru tilmæli um takmarkanir á heimsóknum

Íþróttamiðstöðin

Ákveðið er að loka sundlauginni og íþróttamiðstöðinni fyrir almenning, meðal annars vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðis og í ljósi þess að búast má við aukinni ásókn í sundlaugina og íþróttamiðstöðina vegna lokunar á höfuðborgarsvæðinu. Stóru-Vogaskóli og Heilsuleikskólinn Suðurvellir, auk skipulagðs íþróttastarfs á vegum UMFÞ fyrir börn fædd 2005 og síðar, eru undanþegin þessum takmörkunum. Meistaraflokkur Þróttar í knattspyrnu hefur áfram aðgang að búningsklefa sínum með því að nýta einungis bakinngang í búningsklefann. Framangreindar ráðstafanir gilda að óbreyttu til og með 19. október en verða endurskoðaðar ef tilefni er til

Félagsmiðstöðin

Félagsmiðstöðin starfar með eðlilegum hætti

Skrifstofan

Skrifstofan er lokað almenningi, engar heimsóknir leyfðar nema eftir pöntun og engir fundir haldnir í húsnæðinu. Fólk hvatt til að hafa samband símleiðis eða rafrænt

Umhverfideild

Lokað er fyrir utanaðkomandi heimsóknir í umhverfiseildina

Önnur mál



Aðgerðarstjórn hvetur alla íbúa sveitarfélagsins til að sýna ítrustu varkárni og virða í hvítetna tilmæli yfirvalda um sóttvarnir. Sveitarfélagið Vogar liggur að höfuðborgarsvæðinu, og er því í meiri hættu fyrir smithættu en þau sveitarfélög sem eru staðsett fjær höfuðborgarsvæðinu